

Spurt og svarað

Hvenær er skólasetning og hvernig er fyrsti skóladagurinn?

- Skólasetning er 19. ágúst, kl. 09:30 í Kvosinni (gengið inn um aðalinngang skólans við Þórunnarstræti). Forráðafólk er hvatt til að koma með.
- Eftir skólasetningu fara nemendur í 1. og 2. bekk í stofur og hitta umsjónarkennara sína
- Kynning í Kvosinni fyrir forráðafólk (og einnig aðalfundur foreldrafélagsins)
- Kl. 13: Aðstoð við að komast inn í tölvukerfið* fyrir 1E, 1F, 1G, 1H
- Kl. 14: Aðstoð við að komast inn í tölvukerfið* fyrir 1T, 1U, 1V, 1X
- Kennsla hefst 20. ágúst, þá samkvæmt svokallaðri hraðtöflu en eftir hefðbundinni stundatöflu frá 21. ágúst. Hraðtaflan verður birt á ma.is og í tölvupósti

* Nýnemar og forráðafólk fá tölvupóst með nákvæmum leiðbeiningum um virkjun á skólanetfangi, uppsetningu á tvöfaldri auðkenningu og tengingu við Office 365. Mikilvægt er að hafa lokið þessum skrefum fyrir skólasetningardag en ef það tekst ekki að fullu er hægt að fá aðstoð á þessum tíma

Hvar get ég séð bekkinn minn og stundatöfluna?

- Á inna.is er stundataflan, bekkurinn og fleira

Er hægt að skipta um bekk?

- Bekkir eru fjölmennir og bekkjaskipti eru því ekki möguleg. Það getur tekið tíma að kynnast nýju fólki en við hvetjum nemendur til að sýna þolinmæði, gefa nýjum bekk tækifæri og vera opin fyrir því að kynnast. Góður bekkjarandi er háður því að öll leggi sig fram

Hvernig kemst ég í inn í Innu?

- Til að komast inn í Innu þarf rafræn skilríki
- Forráðafólk getur líka skráð sig inn

- Inna er mikilvæg því þar birtist stundataflan, bókalisti, próftafla, mætingaskráning og fleira

Hvernig tengist ég tölvupósti og tölvukerfi MA?

- allar helstu upplýsingar eru í tölvupósti sem er sendur út fyrir skólabyrjun á það netfang sem skráð var með umsókn
- ef leiðbeiningarnar í tölvupóstinum duga ekki til að tengjast og komast inn í kerfið verður aðstoð í boði **19. ágúst kl. 13 og kl. 14** eftir bekkjum
- starfsfólk á bókasafni veitir ýmsa aðstoð t.d. varðandi ritvinnslu
- tölvuaðstoð er í boði á bókasafninu á ákveðnum tímum. Hægt er sjá tímasetningar yfir viðverutíma tölvuaðstoðar á ma.is og töflunni á bókasafninu
- ýmiss konar leiðbeiningar og upplýsingar varðandi tölvukerfin að finna á ma.is

Hvar sé ég hvaða námsgögn ég á að kaupa?

- listi yfir námsgögn birtist í Innu og bókalisti er líka á ma.is
- námsgögn sem eingöngu eru seld í skólanum verða afgreidd í anddyrinu á Hólum fyrstu dagana og síðan á bókasafninu

Hvar sé ég verkefnalýsingar og hvar skila ég verkefnum?

- Canvas er kennsluumsjónarkerfið. Þar er dagatal, verkefnalýsingar og rafrænum verkefnum skilað þar. Ef kennarar óska eftir útprentuðum eða handskrifuðum verkefnum er þeim skilað í kennslustund eða í hólfi kennara sem eru við kennarastofu í Gamla skóla. Hólf stærðfræði- og raungreinakennara eru við vinnuherbergi þeirra á miðhæð Möðruvalla

Hvar get ég borðað í hádeginu?

- flest borða í mötuneyti heimavistar
- hægt er að kaupa (og fylla á) 10 skipta kort fyrir mötuneytið
- hægt er að skrá sig í fast fæði í hádeginu í mötuneytinu á heimavist.is
- á veturna er rekin sjoppa í Kvosinni í umsjón 3. bekkinga. Hún er opin í löngu frímínútunum og hádegishléi

Er skyldumæting í tíma?

- Það er skyldumæting í allar kennslustundir og vinnustundir og kennarar skrá mætingu í Innu
- Mikil áhersla er á stundvísi og ef komið er of seint í tíma er gefin fjarvist
- Lágmarksmæting yfir önnina er 80% raunmæting. Þessi 20% sveigjanleiki á að ná yfir veikindi og öll erindi sem nemendur þurfa að sinna á skólatíma. Hægt er að fylgjast með viðveruskráningu í Innu og send eru út mætingayfirlit á 5-6 vikna fresti
- Ef nemandi nær ekki 80% raunmætingu í áfanga yfir önnina er hann skráður úr áfanganum. Hægt er sækja um endurskoðun á því ef skýringar eru á þeim fjarvistum
- Ekki eru gefin leyfi en forráðafólk er beðið um að skrá veikindi í INNU og aðra lengri fjarveru í INNU. Vinsamlegast skráið ekki frí og ferðalög sem veikindi

Hvernig eru reglur skólans?

- Allar helstu skólareglur má sjá á ma.is
- Það er skyldumæting í tíma
- Kennarar eru verkstjórar í kennslustundum og nemendum ber að fylgja þeirra verkstjórn
- Höfðað er til ábyrgðar nemenda um að sinna námi sínu og trufla ekki aðra
- Kennslu- og vinnustundir eiga að vera símalausar og tölvur eingöngu notaðar til náms
- Skólinn er okkar sameign og mikilvægt að ganga vel um skólann, henda rusli í ruslatunnur og skilja vel eftir sig
- Einkunnarorð skólans eru Virðing-Bjartsýni-Seigla-Árangur og hegðun og framkoma allra á að litast af þeim

Hvernig er nýnemamóttaka?

- Skólafélagið Huginn skipuleggur nýnemamóttöku
- Nýnemamóttakan er valfrjáls
- Nýnemamóttakan á að vera gleðileg og til þess að hrista hópinn saman. Ef misbrestur er á slíku biðjum við nemendur eða forráðafólk til að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa

Stundaskrá

Í hverjum 5 eininga áfanga eru tvær 80 mínútna kennslustundir, sem eru í einni blokk, og ein 50 mínútna vinnustund. Hér er mynd af blokkakerfinu:

	M	Þ	M	F	F
08:30-09:50	1	4	3	6	7
09:50-10:10	F	R	Í	M	Ó
10:10-11:30	2	5	7	1	4
11:30-12:20	M	A	T	U	R
12:20-13:40	3	6	VS-5*	8**	2
13:40-13:50	F	R	Í	M	Ó
13:50-14:40	VS-1	VS-3	VS-6	VS-7	Námsver
14:40-15:30	VS-2	VS-4	Fundur 14:40	VS-8	
15:30-16:00					

*VS-5 hefst 12:50

**Stokkur 8 hefst 12:20

Hvað eru vinnustundir?

- Námsstími nemenda skiptist í þrennt:
 - **Kennslustundir**; þar er kennari með bekk og stýrir starfi kennslustundarinnar. Kennari getur verið með innlögn, umræður eða dæmatíma, próf og verkefni
 - **Vinnustundir**; þar hefur nemandi meira sjálfræði að hvaða fagi hann vinnur hverju sinni. Í vinnustundum er áhersla lögð á sjálfstæða vinnu nemenda en góðu aðgengi að leiðsögn kennara. Í upphafi hverrar viku skipuleggja nemendur nám vikunnar og nýta til þess verkefnatöfluna og dagatal í Canvas. Nám felst líka í lestri og ígrundun. Alltaf er hægt að sinna námi þótt engin sérstök verkefnaskil séu framundan, það er hægt að vinna fram í tímann, bæta verkefnin, æfa sig t.d. í dæmareikningi og verkefnum. Ýmsir

kennarar geta verið við störf í vinnustundum. Nemendur skrá sig í vinnustundir í gegnum vefsíðuna NáMA.

- **Heimanám;** Ekki er hægt að komast hjá því að sinna námi líka fyrir utan kennslu-/vinnustundir.

Hvað eru námsmatsdagar?

- Á ma.is er dagatal skólaársins



- Námsmatsdagar á miðri önn eru hugsaðir fyrir námsmat og verkefnaskil. Það er ekki hefðbundin stundaskrá en nemendur þurfa að mæta í þau próf og viðtöl sem sett eru upp
- Námsmatsdagar í lok annar í desember og maí eru hugsaðir fyrir lokanámsmat, lokapróf eða hlutapróf og munnleg próf. Próftafla er gefin út um miðja önn

Ef ég veikist?

- Forráðafólk er hvatt til að skrá veikindi í Innu (að morgni dags)
- Ef nemandi missir af prófi/verkefni vegna veikinda þarf alltaf að láta kennarann vita eða tala við hann um leið og komið er í skólann aftur
- Hjúkrunarfræðingur er í hlutastarfi í MA
- Nemandi sem glímir við langvinn veikindi er beðinn um að setja sig í samband við hjúkrunarfræðing eða stoðteymi skólans. Það er nauðsynlegt ef til þess kemur að nemandi nær ekki lágmarksmætingu vegna langvinnra veikinda

Ef ég þarf leyfi?

- Lágmarksmæting er 80% svo nemendur hafa nokkuð svigrúm til að fara til læknis, í stutta ferð eða til að sinna öðrum erindum á skólatíma.
- Keppnisfólk í íþróttum getur sótt um leyfi vegna keppnisferða. Leyfi vegna keppnisferða eða ferða á vegum íþróttafélags er veitt ef staðfesting frá þjálfara/sérsambandi liggur fyrir
- Alltaf þarf að láta kennara vita af fjarveru í símatsprófum/verkefnum

Ef ég hef lokið áfanga í grunnskóla eða hef spurningar um námsferil og stundaskrá?

- Náms- og starfsráðgjafarnir geta svarað ýmsu
- Brautastjórar hafa umsjón með námsferli nemenda. Alma (alma@ma.is) sér um félagsgreinabraut og kjörnámsbrautir. Valdís (valdis@ma.is) sér um heilbrigðis-, náttúrufræði- og raungreina- og tæknibraut. Skrifstofa þeirra er á Langa gangi í Gamla skóla, við hliðina á stofu 15. Hægt er að bóka viðtal á ma.is eða senda póst

Ef ég þarf að hitta náms- og starfsráðgjafa eða skólasálfræðing?

- Lena og Sandra eru náms- og starfsráðgjafar skólans og Kristín Elva er skólasálfræðingur. Þær eru með skrifstofur í kjallara Gamla skóla. Hægt er að koma við eða panta tíma með því að bóka viðtal á ma.is



Skólahjúkrunarfræðingur

- Auður Karen Gunnlaugsdóttir er hjúkrunarfræðingur skólans. Viðtöl eru bókuð á ma.is

Umsjónarkennari

- Umsjónarkennari er tengiliður við skólann og talsmaður nemanda ef þarf (auk stoðteymis skólans). Umsjónarkennari veitir ýmsar upplýsingar um skólann og stuðlar að góðum bekkjaranda og samskiptum í bekk
- Allir bekkir á 1. og 2. ári eiga sinn umsjónarkennara

Læstir skápar

- Það er hægt að leigja læsta skápa í skólanum. Skápagjaldið er 5000 kr. en 4000 kr. fást endurgreiddar þegar lyklinum er skilað
- Fyrstu skóladagana verða lyklar afhentir í afgreiðslunni í anddyri Hóla og síðan á skrifstofu fjármálastjóra í Gamla skóla

Húsnæði skólans

- Skólinn skiptist í þrjár byggingar sem tengjast með göngum

- Í stundatöflunni eru kennslustofur merktar með G (Gamli skóli), H (Hólar) og M (Möðruvellir)
- Íþróttahús skólans er kallað Fjósið
- Yfirlitskort af skólanum er á ma.is undir Skólinn – Hús skólans
- Á bókasafni skólans er hægt að vinna að verkefnum og fá lánaðar bækur. Þar er líka hægt að kaupa prentkvóta og námsefni sem gefið er út í skólanum, fá tölvuaðstoð og aðstoð við ritvinnslu

Frekari upplýsingar?

- Hægt er að senda fyrirspurn á ma@ma.is
- Kennarar geta veitt upplýsingar um eigin námsgrein og umsjónarkennarar veita upplýsingar um skólann
- Náms- og starfsráðgjafar veita ýmsar upplýsingar um nám, samskipti, námsleiðir o.fl. og hægt er að leita til þeirra um flest
- Netföng stjórnenda eru á ma.is

Verið velkomín í MA



Stjórn skólafélagsins Hugins skólaárið 2026 - 2027